


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2020

Rekstur	Samstæða 2020	Samstæða 2019	Samstæða 2018	Samstæða 2017	Samstæða 2016
Fjárhæðir í m.kr.	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún	jan-jún
Rekstrartekjur	5.891,4	6.008,7	5.881,0	6.234,8	6.235,0
Aðrar tekjur	165,6	159,6	24,8	7,4	6,0
Vöru- og umbúðanotkun	(3.133,0)	(3.109,7)	(2.980,9)	(3.424,2)	(3.422,9)
Laun og launatengd gjöld	(1.647,1)	(1.635,3)	(1.589,3)	(1.456,0)	(1.327,1)
Annar rekstrarkostnaður	(978,9)	(1.017,2)	(959,2)	(953,6)	(859,2)
Afskriftir fastafjármuna	(243,5)	(235,2)	(210,1)	(198,6)	(184,6)
Rekstrarhagnaður	54,5	170,9	166,3	209,8	447,2
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(87,6)	(109,0)	(64,3)	(52,2)	(70,1)
(Tap), hagnaður tímabilsins fyrir skatta	(29,8)	61,9	102,0	157,6	377,1
Tekjuskattur	8,7	(4,5)	(21,2)	(28,6)	(72,1)
(Tap), hagnaður tímabilsins	(21,1)	57,4	80,8	129,0	305,0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	297,1	397,7	374,6	405,0	627,1
Efnahagur	30.06.20	30.06.19	30.06.18	30.06.17	30.06.16
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	6.729,6	6.789,1	5.750,2	5.327,9	4.637,4
Veltufjármunir	3.396,4	3.428,4	3.123,4	3.469,3	3.426,1
Eignir	10.126,0	10.217,5	8.873,6	8.797,2	8.063,5
Eigið fé	5.284,7	5.310,8	5.234,2	5.144,8	4.467,5
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	538,0	530,5	537,1	525,2	518,4
Langtímaskuldir og skuldbindingar	3.154,1	3.126,8	2.226,5	2.123,1	2.181,5
Skammtímaskuldir	1.687,2	1.779,9	1.412,9	1.529,3	1.414,5
Skuldir	4.841,3	4.906,7	3.639,4	3.652,4	3.596,0
Eigið fé og skuldir	10.126,0	10.217,5	8.873,6	8.797,2	8.063,5
Kennitölur					
EBITDA	298,0	406,1	376,4	408,4	631,8
Innra virði	9,8	10,0	9,7	9,8	8,6
Veltufjárhlutfall	2,0	1,9	2,2	2,3	2,4
Eiginfjárhlutfall	52%	52%	59%	58%	55%



Reykjavík, 20. ágúst 2020.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2020

- **Tekjur á fyrri ársþhelmingi 5.891 m.kr. og lækka um 2% milli ára.**
- **21 m.kr. tap á fyrri ársþhelmingi ársins en 57 m.kr. hagnaður árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 298 m.kr. en 406 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 5.285 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 52%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjararði hf. og Hollt og gott ehf.

Tap samstæðu Slátturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2020 var 21 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 57 m.kr. hagnaður. Eigið fé Slátturfélagsins er 5.285 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 5.891 m.kr. á fyrri ársþhelmingi ársins 2020, en 6.009 m.kr. á sama tíma árið áður og lækka því um 2%. Aðrar tekjur voru 166 m.kr. en 160 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.133 m.kr. en 3.110 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 1.647 m.kr. og hækkaði um tæpt 1%, annar rekstrarkostnaður var 979 m.kr. og lækkaði um tæp 4% og afskriftir voru 244 m.kr. og hækka um tæp 4%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 55 m.kr., en 171 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 298 m.kr. en var 406 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 88 m.kr., en voru 109 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 9 m.kr. til tekna, en 5 m.kr. til gjalda árið áður. Tap af rekstri tímabilsins var 21 m.kr. en 57 m.kr. hagnaður á sama tímabili árið áður. COVID-19 hafði víðtæk neikvæð áhrif á afkomu félagsins á árinu með samdrætti í tekjum og auknum kostnaði.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 297 m.kr. á fyrri ársþhelmingi ársins 2020, samanborið við 398 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2019. Heildareignir Slátturfélagsins 30. júní voru 10.126 m.kr. og eiginfjárlutfall 52% óbreytt frá fyrra ári. Veltufjárlutfall var 2,0 á fyrri hluta ársins 2020, en 1,9 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri ársþhelmingi 2020 fyrir 244 m.kr. en 193 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 54 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 190 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2019 var í aprílmánuði greiddur 12,66% arður af B-deild stofnsjóðs alls 23 m.kr. og reiknaðir 3% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 10 m.kr.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Slátturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2020 með undirritun á stjórnarfundum í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ OMX. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2020 þann 18. febrúar 2021.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Slátturfélagsins er traust með 52% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,0. Langtímaskuldir í lok júní 2020 voru 2.048 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 97 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma.

Afkoma Slátturfélagsins versnaði milli ára, fyrst og fremst vegna neikvæðra áhrifa af COVID-19 sem komu fram í lækun tekna vegna fækkunar á erlendum ferðamönnum og samdráttar í veitingageiranum og kostnaðarauka vegna aðgerða sem gripið var til m.a. vegna sóttvarna.

Innflutningur á kjöti hefur haft neikvæð áhrif á innlenda kjötframleiðslu og afkomu afurðafélaga. Áfram verður unnið að því að aðlaga rekstur samstæðunnar að breyttu rekstrarumhverfi, m.a. með því að leggja áherslu á sérstöðu og gæði innlendrar framleiðslu.



Staða lykilvörumerkja félagsins í matvælaíðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stöðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Aukin vélvæðing og öflug vöruþróun hefur styrkt grundvöll félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði. Samt sem áður er reiknað með erfiðum aðstæðum á kjötmarkaði á næstu árum. Einnig er erfitt að meta nú hversu lengi neikvæð áhrif af COVID-19 munu vara.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði með nýjum vöruflokkum sem ganga vel. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur byggst upp á undanförunum árum og er að þjónusta bændur með allar helstu rekstrarvörur.

Fjárhagsdagatal

Júlí – desember 2020 uppgjör
Aðalfundur 2021

18. febrúar 2021
19. mars 2021

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is